

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjöld, stofngjöld og önnur þjónustugjöld tengd framkvæmdum í Kópavogsbæ, nr. 1685/2022.

1. gr.

23. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er vegna móttöku og yfirferðar erinda vegna aðalskipulags-, deiliskipulagsbreytinga eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldið er óafturkræft þó svo að erindinu sé hafnað eða það dregið til baka.

Umsýslukostnaður: Kostnaður Kópavogsbæjar vegna afgreiðslu erindis, kynningar, sem og annar kostnaður vegna umsýslu erindis.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Kópavogs setur með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og 11. gr. reglugerðar um sama efni nr. 543/1996, 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 15. gr. laga um byggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 26. janúar 2023.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2023